

Eyþing. Áhersluverkefni 2017

Verkefni 2017 - 1	Kostir og gallar sameiningar Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna
Markmið	Að draga fram kosti og galla þess að sameina Eyþing og atvinnuþróunarfélögin tvö á starfssvæði Eyþings. Að tengja atvinnuþróun betur við þá pólitísku stefnumótun sem fram fer á vettvangi Eyþings.
Stutt verkefnislýsing	Verkefnið felst m.a. í eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> • Tekin verða viðtöl við hóp fólks. • Söfnun og greining á fyrirbyggjandi gögnum, s.s. á skipulagi og umfangi rekstrar. • Skoðun á skipulagi atvinnuþróunar í öðrum landshlutum. • Staða og hlutverk Eyþings skoðað út frá auknu hlutverki og ábyrgð í stefnumótun og stjórnsýslu, sbr. lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr 69/2015 og samning um sóknaráætlun. • Áhrif fyrrnefndra laga og samnings á starf atvinnuþróunarfélaganna.
Framkvæmdaaðili	RHA – rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri
Samstarfsaðilar	Stoðstofnanir sveitarfélaga og byggðamála, kjörnir fulltrúar og framkvæmdastjórar sveitarfélaga.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Samningur um sóknaráætlun og ekki síður lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir hafa haft mikil áhrif og miklar breytingar í för með sér fyrir starfsemi bæði landshlutasamtaka og atvinnuþróunar. Mikilvægt er að skoða hvernig best verður brugðist við breyttu umhverfi og hvernig þeim verkefnum sem felast í sóknaráætlun og fyrrnefndum lögum verður best sinnt.
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> • Greining á kostum og göllum mögulegrar sameiningar Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna • Tillaga eða dæmi um fyrirkomulag sameinaðrar starfsemi • Tillaga eða ábendingar um endurbætt skipulag á óbreyttu stofnanaumhverfi • Aukinn slagkraftur atvinnuþróunar • Bætt nýting mannauðs • Einföldun á starfsemi á sviði atvinnuþróunar
Lokaafurð	Skýrsla um kosti og galla sameiningar með hugmyndum að skipulagi. Skýrslan fer til umfjöllunar í fulltrúaráði Eyþings og á aðalfundi 2017.
Tímarammi	Febrúar – júní 2017. Skýrslu skilað til stjórnar Eyþings í júní 2017.
Áætlaður kostnaður	3.500.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun 2017	3.500.000 kr.